



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Chaplin - Modern Times

8. & 9. maí 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Bíótónleikarnir eru u.þ.b. 90 mínútna langir, án hlés.



FILMPHILHARMONIC EDITION

Kvikmynd sýnd með góðfúslegu leyfi Roy Export Company S.A.S.

Tónlist flutt með góðfúslegu leyfi Bourne Co. Music Publishers.

Ljósmyndir © Roy Export Company S.A.S. í prógramminu.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Charles Chaplin Modern Times (1936)

Bíótónleikar í Eldborg

8. maí 2015 »19:30

9. maí 2015 » 15:00

Frank Strobel hljómsveitarstjóri
Sinfóníuhljómsveit Íslands

Charles Chaplin leikstjóri
Charles Chaplin tónlist

David Raksin og **Edward Powell** útsetning tónlistar
Alfred Newman tónlistarstjóri

Tilvitnanir í tónlist:

„Halleluiah, I'm a Bum“

„Prisoners' Song“ (C. Massey)

„How Dry Am I“

„In the Evening by the Moonlight“ (Duncan and Daniderff)

Timothy Brock endurgerð tónlistar (2000)

Frank Strobel

hljómsveitarstjóri



Frank Strobel er einn fjölhæfasti hljómsveitarstjóri sinnar kynslóðar og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar sem sérfræðingur í kvikmyndatónlist. Hann gerir sér far um að flytja upprunalega og sögulega mikilvæga tónlist þöglu myndanna, ferðast víða og stjórnar þekktum hljómsveitum á sýningum þessara mynda auk þess að flytja kvikmyndatónlist eina og sér. Hann stjórnaði m.a. frumflutningi á endurgerðri tónlist Prokofievs við kvikmynd Eisensteins *Aleksandr Nevskij* í Berlín og Moskvu og uppskar mikið lof. Fyrir hljóðritun þessarar tónlistar hlaut Strobel verðlaun þýskra hlómplötu-gagnrýnenda.

Frank Strobel var aðalstjórnandi Kvikmyndahljómsveitarinnar í Babelsberg til ársins 1998. Hann er einn af stofnendum Evrópsku kvikmyndaþílharmóníunnar og listrænn stjórnandi hennar frá aldamótaárinu 2000. Þá er hann ráðgjafi sjónvarpsstöðvarinnar ZDF/Arte fyrir röð hennar með þögglum kvikmyndum.

Frank Strobel er vinsæll fastagestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 1999 stjórnaði hann hljómsveitinni undir Chaplinmyndunum *The Kid*, *The Idle Class* og *City Lights*, árið 2001 kom hann með meistaraverk Sergeis Eisensteins um *Beitiskipið Potempkin* við tónlist Dmítríjs Sjostakovítsj og Chaplinmyndina *Circus*. Ári síðar var hin klassíska kvikmynd Fritz Lang *Metropolis* frá 1927 og tónlist Bernds Schultheis í farteskinu ásamt *Gullæði* Chaplins. 2005 var aftur komið að *Borgarljósum* Chaplins ásamt Hitchcock hrollvekjunni *The Lodger* við tónlist Ashleys Irwins og að ári liðnu var Strobel aftur mættur og nú með amerísku gersemina *Intolerance* (1916) við tónlist Carls Davis og Chaplinmyndirnar *The Kid* og *The Idle Class*. Tvær síðastnefndu myndirnar og *A Dog's Life* við tónlist Chaplins voru síðan á efnisskránni í sjöttu heimsókn Strobels árið 2010. Í síðustu heimsókn hans haustið 2013 stjórnaði hann þekktu kvikmyndatónlist án viðkomu hvíta tjaldsins.

Modern Times



Söguþráður

Litli flækingurinn vinnur í nútímalegri verksmiðju við að herða bolta á færíbandi. Dag einn fær hann taugaáfall vegna álagsins í vinnunni og orsakar ringulreið í verksmiðjunni áður en honum er hent út. Hann jafnar sig en er ranglega fangelsaður fyrir að standa fyrir uppþotum. Eftir ánægjulega dvöl í fangelsinu finnst honum lífið utan þess erfitt. Hann reynir að komast aftur í fangelsið með því að taka á sig sök munaðarlausrar stúlku sem reynt hafði að stela brauði. Þau laðast hvort að öðru og byrja að búa saman í yfirgefnu kofaskrifli og flækingurinn byrjar aftur að vinna í verksmiðjunni sem aðstoðarmaður vélvirkja. Eftir að verksmiðjunni er lokað vegna verkfalls er flækingnum aftur óréttilega varpað í fangelsi fyrir að ráðast á lögreglumann í óeirðum. Þegar hann losnar úr prisundinni er stúlkan búin að fá vinnu á kaffihúsi með syngjandi þjónum og lofar að útvega honum vinnu á staðnum. Flækingurinn stendur sig ömurlega sem þjónn en tekst vel upp við að skemmta gestunum og virðist parið nú vera komið á græna grein. En munaðarleysingjaeftirlitið kemur í því skyni að taka stúlkuna en hún kemst undan með flækingnum. Í lokaatriðinu ganga þau eftir einmanalegri götu. Stúlkan byrjar að gráta en flækingurinn telur í hana kjark og þau leggja saman upp í óvissuferð sína mót sjóndeildarhringnum.

Chaplin um tónlist sína

„Eitt það ánægjulega við kvikmyndatónlistina sem ég samdi var að ég réði henni algjörlega sjálfur. Ég reyndi að semja glæsilega og rómantíska tónlist til að setja gamanleiki mína í andstöðu við persónu flækingsins því að fágúð tónlist ljær þeim tilfinningalega vídd. Tónlistarútsetjarar skildu þetta sjaldan. Þeir vildu hafa tónlistina skoplega. Ég sagði þeim að ég vildi enga keppni, tónlistin ætti að vera falleg og þokkafull, lýsa tilfinningum - en án þeirra er listaverkið ófullkomið. Ekkert er ævintýralegra og meira spennandi, en að heyra í fyrsta sinn löginn sem maður hefur samið, leikin af fimmtú manna hljómsveit.“



Tónlistin á Íslandi

Í september 1993 sýndi

Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu

við kvikmyndaklúbb Háskóla

Íslands þöglu myndina „The Wind“

(1928) eftir sænska leikstjórnann

Victor Sjöström sem markaði

upphaf vinsælla kvikmyndasýninga

hljómsveitarinnar. Stjórnandi var Carl

Davies sem meðal annars er frægur

fyrir tónlist sína við sjónvarpsseríu

BBC „Hroki og hleypidómar“ eftir

sögu Jane Austen með Jennifer Ehle

og Colin Firth í aðalhlutverkum.

Timothy Brock um endurgerð tónlistarinnar við *Modern Times*

„Tónlist Chaplins við *Modern Times* er af öllum verkum hans sú sterkasta, margbrotnasta og um leið sú frumlegasta. Raddskráin er sem risastórt litaspjald af músikölskum flækjum og djarfri sinfónískri framsetningu sem endurspeglar ekki aðeins innihald myndarinnar heldur túlkar skilaboð hennar í tónum.

Chaplin var gæddur ríkum tónlistargáfum þrátt fyrir að vera sjálfmenntaður fiðluleikari, sellisti og píanóleikari sem eingöngu spilaði eftir eyranu. Hann samdi tónlist sína og vissi strax nákvæmlega hvernig hún átti að hljóma. Hann réði til sín færa tónlistarmenn sem útsettu tónlistina eftir nákvæmum fyrirmælum hans, hlustaði á æfingar og gerði lagfæringar allt fram á síðustu stund. Í *Modern Times* er tónlist munaðarlausu stúlkunnar skýrasta dæmið um næmi Chaplins fyrir laglínu og hljómunum og getu hans til að túlka mannlegar tilfinningar með tónlist. Líkt og persóna flækingsins myndar tónlistin fullkomið jafnvægi gamans og alvöru.

Endurskoðun og lagfæring á raddskrá Chaplins af *Modern Times* tók fjórtán mánuði og lauk í mars árið 2000 en raddskráin telur 400 blaðsíður með 130.000 tóktum. Þetta þýðir að vinnuafköstin voru að meðaltali 20 sekúndur af tónlist á dag.

Hlutverk mitt var að skapa í fyrsta sinn heildstæða og flutningshæfa raddskrá af tónlist við kvikmynd sem ég hef elskað allt mitt líf.“



Charlie Chaplin



Charles Spencer Chaplin (1889–1977) fæddist og ólst upp í London. Faðir hans var fjölhæfur söngvari og móðirin aðlaðandi og hæfileikarík söngkona sem gekk undir listamanns-nafninu Lily Harley. Skilnaður foreldranna, dauði föðursins og veikindi móðurinnar varð til þess að Charlie og eldri bróðir hans Sidney urðu snemma að standa á eigin fótum. Þeir höfðu báðir erft náttúrulega hæfileika foreldra sinna og reyndu nú fyrir sér sem sviðslistamenn. Charlie þreytti frumraun sína í unglिंगaleikhópi og varð fljótt vinsæll steppdansari. Tólf ára gamall fékk hann sitt fyrsta sviðshlutverk og hóf í framhaldinu feril sem gamanleikari.

Árið 1910 ferðaðist hann í fyrsta sinn til Bandaríkjana þar sem hann vakti mikla hrifningu. Í næstu ferð tveimur árum síðar lék hann í sinni fyrstu kvikmynd og fleiri myndir fylgdu í kjölfarið. Árið 1917 ákvað hann að gerast sjálfstæður kvikmyndaframleiðandi og hóf byggingu kvikmynda-vers í Hollywood. Tveimur árum síðar stofnaði hann United Artists kvikmyndafélagið ásamt þremur öðrum kvikmynda-listamönnum.

Í *Modern Times* sést persóna flækingsins í síðasta sinn en næsta mynd hans *The Great Dictator* var háðsádeila á Adolf Hitler. Á fimmta áratugnum komst Chaplin upp á kant við bandarísk stjórnvöld sem sökuðu hann meðal annars um kommúnistadekur sem hann þó ætíð neitaði. Var honum síðan vísað úr landi árið 1952 og bjó hann fjölskyldu sinni í kjölfarið nýtt heimili á sveitasetrinu Manoir de Ban við Genfarvatn í Sviss þar sem hann bjó síðustu 25 ár ævi sinnar. Þess má geta að vorið 2016 verður opnað safn á setrinu, tileinkað Chaplin og ævistarfi hans.


Listamannsævi Charles Chaplin spannaði ríflega 75 ár. Hann tók fyrstu leiksporin sem barn í Lundúnum Viktoríutímans og starfaði óslitið fram á síðustu æviár.

Chaplin lék í 82 kvikmyndum á starfsferlinum. Hann var handritshöfundur og leikstjóri 66 þessara mynda, framleiðandi 30 þeirra og tónlist hans prýddi 13 myndanna. Við þetta bætast 8 ófullgerðar eða ósýndar kvikmyndir og 9 heimildarmyndir. Allar kvikmyndir Chaplins til og með *The Circus* (1928) voru þöglar myndir og *City Lights* og *Modern Times* eru í eðli sínu þöglar þó hljóðrás fylgi með tónlist og leikhljóðum. Síðustu fimm myndir hans voru talmyndir og að frátaldri kvikmyndinni *A Countess from Hong Kong* (1967) voru þær allar teknar á 35 mm svarthvíta filmu.

Chaplin hlaut á ferlinum fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín, bæði sem sem leikari, handritshöfundur, leikstjóri og tónskáld.

Hann var fjörgiftur og eignaðist ellefu börn með konum sínum, þar af átta með Oonu O'Neill sem hann giftist árið 1943 og bjó með til dauðadags.

Sigurður Ingvi Snorrason



Hljómsveit á tónleikum

8. & 9. maí 2015

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Mark Reedman
Lin Wei
Martin Frewer

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Christian Diethard
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdís Runólfsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Martial Nardeau
Emelía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau

KLARÍNETT OG SAXÓFÓN

Arngunnur Árnadóttir
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson
Sigurður Flosason
Ólafur Jónsson

FAGOTT

Michael Kaulartz

HORN

Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólsson

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR OG SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristin Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ása Jóhannsdóttir *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Valgerður Árnadóttir *umsjónarmaður*

Modern Times

Framleiðsla	Chaplin – United Artists	
Framleiðandi	Charles Chaplin	
Leikstjóri	Charles Chaplin	
Sviðsetning	Charles Chaplin	
Kvikmyndataka	Roland Totheroh, Ira Morgan	
Aðstoðarleikstjórar	Carter De Haven, Henry Bergman	
Listrænir stjórnendur	Charles D Hall, Russell Spencer	
Persónur og leikendur	Starfsmaður	Charles Chaplin
	Flækingsstúlka	Paulette Goddard
	Kaffihúseigandi	Henry Bergman
	Stóri Bill og verkamaður	Stanley J. Sanford
	Vélvirki	Chester Conklin
	Innbrotspjófur	Hank Mann
	Innbrotspjófur	Louis Natheaux
	Couler lögreglustjóri	Stanley Blystone
	Forstjóri	Allan Garcia
	Verkstjóri	Sam Stein
	Kona, hneppt að ofan	Juana Sutton
	Verkamaður	Jack Low
	Verkamaður	Walter James
	Saksóknari	Dick Alexander
	Fangelsisprestur	Dr. Cecil Reynolds
	Kona fangelsisprestsins	Myra McKinney
	Fangelsisstjóri	Lloyd Ingraham
	Verkamaður	Heinie Conklin
	Saksóknari	John Rank

Tökur hófust í september 1933

Tökum lauk 12. janúar 1936

Frumskýning 5. febrúar 1936 í Rivoli Theatre, New York

Frumskýning í London 11. febrúar 1936 í Tivoli Theatre

Lengd filmu 2477 metrar

(Heimild: Association Chaplin, Paris)

MODERN TIMES ©MCMXXXVI Charles Chaplin.

Renewed ©MCMLXIII The Roy Export Company Establishment.

All Rights Reserved.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigrar heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is